



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áætlaðan kostnað við torg á Tryggvagötu og verktíma.

Á fundi borgarráðs 10. desember sl. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksin fram eftirfarandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um áætlaðan heildarkostnað við torg við tollhúsið á Tryggvagötu og verktíma.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Samkvæmt samantekt USK er áætlaður kostnaður við torg við Tryggvagötu 73 mkr. Við þá upphæð bætist kostnaður við fyrirhuguð listaverk á torginu sem er áætlaður 18 mkr.

Upphæðin er reiknuð út frá heildar fermetraverði við alla endurgerð Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Grófinni sem er í allt áætlað 393 mkr. Þarf af er kostnaður veitufyrirtækja 75 mkr.

Ekki liggja fyrir nákvæmari greiningar á kostnaði einvörðungu við torgið þar sem það er hannað og boðið út að mestu í heild með nálægum götum samkvæmt meðfylgjandi mynd. Talsverð vinna er að greina og rýna gögn svo sem útboðsgögn, uppgjör, magntölur, hönnunartíma ofl. til að skipta þeim upp og finna nákvæmlega hvað af því tilheyri torginu eingöngu. Þar að auki getur reynst erfitt að greina mörk milli þeirra svæði sem í framkvæmdinni eru og margt sem nýtist bæði torgi og aðliggjandi götum, svo sem lýsing, lagnir, snjóbræðslukerfi og stýringar þeirra svo eitthvað sé nefnt.

Framkvæmdir við endurgerð Tryggvagötu munu hefjast aftur í febrúar og gert er ráð fyrir endanlegum verklokum sumars 2021.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu



Torg við Tollhús

NAUSTIN

TRYGGVAGATA

GAGNEN

